

107 Óraskaður standa með þeirri breytingu, að upphæð sú, sem Leiðvallahreppi 16. sept. ber að endurgjalda, færist niður í 107 kr. 66 aura.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu hjá amtinu frá $\frac{24}{8}$ 1891 til $\frac{31}{8}$ 1894 er mjög vítaverður, og hefði ef til vill mátt komast hjá honum, ef málið hefði á rjettum tíma verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Skaptafellssýslu, samkv. reglugj. $\frac{3}{1}$ 1834, 3. gr. 3. málslið.

108 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 16. sept. dags. 31. f. m., hefi mótttekið umbeðnar skýrslur sem og önnur málskjöl viðvíkjandi sveitfestismáli Hjartar Theodors Johannessonar, sem með amtsúrskurði dags. 16. júní 1894 er úrskurðaður sveitlægur í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, en úrskurði þessum hefir hreppsnefndin í tjeðum hreppi áfrýjað til mín, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það er nú skal greina:

Hinn umræddi Hjörtur Theodor Johannesson, sem hefir notið sveitarstyrks í Bæjarhreppi í Strandasýslu, er fæddur utan hjónabands 8. okt. 1858 á Hallbjarnareyri í Eyrarhreppi, og hefir hvergi áunnið sjer sveitfesti. Það er sannað með framkomnum skýrslum, að móðir hans, Sigurdrif Guðbrandsdóttir, átti ekki fast heimili í Eyrarsveit, heldur var hún þar að eins um stundarsakir á dvöl, þegar hún varð ljettari að nefndu barni, Hirti Theodor. Það hefir ekki orðið sannað, hvar hún hafi átt heimili eða hvort hún hafi átt nokkurt fast heimili um þær mundir eða verið ráðin í nokkra vist þegar hún fór þaðan að afloknun barnsburði, en hitt er fullsannað, eins og þjer hafið tekið fram í þóknanlegu brjefi yðar, dags. 8. febr. þ. á., að næst á undan bráðabirgðadvöl sinni í Eyrarsveit átti hún lögheimili á Ósi í Skógarstrandarhreppi, og ber því samkvæmt fyriræmum 7. greinar í fátækrareglugjörð 8. jan. 1834 að álíta þann hrepp sem fæðingarhrepp Hjartar Theodors Johannessonar.

Með því að hann, eins og áður er á vikið, hefir aldrei dvalið 10 ár samfleytt í sama hreppi eptir 16 ára aldur, ber að úrskurða hann sveitlægan í þeim hreppi, sem eptir lögunum verður að teljast fæðingarhreppur hans; skal því hjer með úrskurði amtsins frá 16. júní 1894 breytt þannig, að Hjörtur Theodor Johannesson skal sveitlægur í Skógarstrandarhreppi, og ber þeim hreppi að endurgjalda Bæjarhreppi í Strandasýslu framlag hans til tjeðs þurfamanns eptir sanngjörnum eða úrskurðuðum reikningi.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal þess getið, að auk þess sem talsverður dráttur hefir orðið á máli þessu hjá amtinu í tíð fyrirrennara yðar, er það vítavert við meðterð málsins, að það sjest ekki, að það hafi verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áður amt-ið tók málið til úrskurðar, eins og átt hefði að gjöra sbr. reglugj. 8. jan. 1834, 3. gr. 3. málsgrein.

109 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. sept. fúlgugreiðslu af hálfu vistarsveitar barnsföður. — Eptir að hafa fengið þókanlegt